

Hér er tillaga að breytingum á lögum og reglum sem varðar skráningu, eftirlit og notkun á torfærutækjum til ferðalaga í frístundum.

Umferðalög.

47. gr. Almennar reglur um akstur torfærutækja.

Eigi má aka torfærutæki á vegi sem ekki er einkavegur **breytist í landsvegur**. Þó má sá sem þarf að aka yfir veg aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er, enda geri aðstæður utan vegar það nauðsynlegt. Skal ökumaður torfærutækis í slíkum tilvikum víkja fyrir öðrum vegfarendum á veginum og nema staðar áður en hann fer inn á veg.

bæta við:

Torfærutæki sem fengið hefur viðurkennda skoðun á ljósabúnaði og skermun hjóla og öðrum viðeigandi öryggisbúnaði telst jafn gilt í umferð á vegi eins og önnur ökutæki. Skoðun á viðurkenndri skoðunarstöð skal eiga sér stað ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

01.70. Torfærutæki.

(1) Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- og vöruflutninga utan vega og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

01.71 Beltabifhjól (vélsleði).

(1) Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

01.72 Torfærubifhjól.

(1) Torfærutæki á tveimur eða þremur hjólum.

Torfærubifhjól I: Torfærubifhjól á tveimur hjólum

Torfærubifhjól II: Torfærubifhjól á þremur hjólum

01.73 Fjórhjól.

(1) Torfærutæki á fjórum hjólum.

Létt fjórhjól (L6e): Fjórhjól sem er 350 kg eða minna að eigin þyngd (án rafgeyma, ef það er rafknúið) og hannað fyrir hraða sem er 45 km/klst eða minni og með hámarksslagrými 50 cm³ og hámarksafli hreyfils ekki meira en 4 kw.

Þungt fjórhjól (L7e): Fjórhjól, annað en létt fjórhjól, með eigin þyngd (án rafgeyma ef það er rafknúið) ekki meiri en 400 kg (550 kg ef það er ætlað til vöruflutninga).

01.74 Sexhjól.

(1) Torfærutæki á sex hjólum; má vera allt að 550 kg að eigin þyngd ef ökutækið er aðallega ætlað til vöruflutninga (án rafgeyma ef það er rafknúið).

01.75 Viðurkennt torfærutæki.

Torfærutæki sem getur verið á tveimur, þremur, fjórum eða sex hjólum og fer í reglubundna skoðun á viðurkenndri skoðunarstöð og er hugsað til fólks og farangurflutninga og notað í almennri umferð eins og önnur full viðurkennd ökutæki.

03.70 Torfærutæki.

(1) Við viðurkenningu til skráningar á torfærutæki skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)a og 03.05 (3)a og (3)b og ekki skal gera kröfu um burðargetu ása, sbr. lið 03.2(5), 03.04 (4)b og 03.05.(2)b. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

Bæta við:

03.71 Viðurkennt torfærutæki.

Ökutæki sem ekki eru gerðar kröfur um staðfestingu eða vottorð eins og talið er upp í lið 03.70 en er búið ljósum og með skermun hjóla og annan viðeigandi öryggisbúnað og fer í reglubundna skoðun hjá viðurkenndri skoðunarstöð ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Rökstuðningur

Ísland er land sem byggt er af gríðarlega stóru landsvæði sem er torfært yfirferðar og veður og árstíðir gera það enn erfiðara yfirferðar þó svo ferðast sé eftir annars ágætis vegum og slóðum.

Á Íslandi er rík hefð fyrir því að ferðast um allt landið, hálendi og láglandi. Einnig er hefð fyrir því að aðlaga ökutæki þannig að þau séu best búin til að takast á við þessar krefjandi aðstæður.

Við leyfum í dag og höfum gert í áratugi að breyta ökutækjum (jeppum) á þann hátt að við köllum þær „Breytt ökutæki“

Núna getum við fengið keypt ökutæki (torfærutæki) sem eru tilbúin til að nota við þessar erfiðu aðstæður en notkun þeirra er takmörkunum háð þegar kemur að notkun í almennri umferð. Þessum ökutækjum er einfalt að breyta til að aðlaga þau almennri umferð og raun einfaldara en að breyta ökutæki í „Breytt ökutæki“ Oft ekki flóknara en að setja á þau einhver viðbótarljósabúnað og jafnvel auka skermun á hjól þeirra.

Ferðaökutækin sem um ræðir hér eru mótörhjól, fjórhjól og buggý bílar.

Staðan:

Í áratugi haf torfærutæki verið notuð til ýmissa nota og þ.m.t. ferðalaga og stuðst við umferðalög grein 47. Þar sem segir meðal annars „**má sá sem þarf að aka yfir veg aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er**“

Vandamálið:

Undanfarið hefur borið á því að löggæsla túlkar grein 47. þrengra en hingað til hefur verið gert og í einhverjum tilfellum stöðvað för manna á torfærutæki og einnig í einhverjum tilfellum sent þeim sektarboð.

Lausnin:

Er að halda sérstaklega um torfærutæki sem eigandi hyggst nota til ferðalaga og aksturs í almennri umferð þannig að það sé útbúið á þann hátt að tryggt sé öryggi notenda þess sem og annarra vegfarenda. Og það fari í reglubundna eftirlitsskoðun til að fylgja slíku eftir.

Okkur þætti vænt um að þessi tillaga okkar yrði til að bæta laga og regluhverfi okkar og okkar ferðafélaga.

Virðingarfyllst:

Guðbergur Reynisson f.h. Ferðafélagið Melrakkar (AIFS)

Ásgeir Örn Rúnarsson félagsmaður Ferða og útivistarfélagið Slóðavinir

Arnar Sigurðsson starfsmaður Ellingsen

